



## 98. stjórnarfundur

|             |              |
|-------------|--------------|
| Dagsetning  | 19.2.2026    |
| Tími        | 16:00        |
| Fundi lauk  | 17:30        |
| Staðsetning | Flugvelli 33 |

### Stjórnarmenn boðaðir:

Trausti Arngrímsson, Guðný Birna, Sigursveinn Bjarni, Birgir Örn Ólafsson, Birgitta Rún Birgisdóttir, og Eypór Rúnar Þórarinsson slökkviliðsstjóri.

### Forföll:

## Dagskrá fundar

1. Breyting á hlutverkum innan stjórnar ..... 1
2. Skýrsla slökkviliðsstjóra. .... 1
3. Staða fjármála ..... 2
4. Brunavarnaráætlun..... 2
5. Starfsmannamál..... 2
6. Jafnlaunavottun..... 2
7. Önnur mál..... 2

## Fundagerð

### 1. Breyting á hlutverkum innan stjórnar

Erindi hefur borist frá Bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 03.02.2026. (2024010091) Sverrir Bergmann Magnússon (S) fer út sem varamaður í stjórn Brunavarna Suðurnesja, Sigurrós Antonsdóttir (S) kemur inn sem varamaður.

Einnig verða skipti á formennsku stjórnar en Trausti Arngrímsson (B) verður varaformaður og Guðný Birna Guðmundsdóttir (S) verður formaður stjórnar.

Stjórn þakkar Trausta fyrir góð störf í stóli stjórnarformanns og býður Guðnýju Birnu velkomna í sitt nýja hlutverk.

### 2. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri fór yfir tölfræði síðasta árs.

Á árinu 2025 voru 311 útköll skráð á dælubíl samanborið við 234 árið 2024 sem er 33% aukning milli ára. Mest fjölgun var í F-2 og F-3/F-4 útköllum. Sjúkraflutningaútköll voru 4.092 árið 2025, samanborið við 3.968 árið áður, sem jafngildir 3,1% aukningu. Fjölgun varð í F1, F3 og F4 en lítilsháttar fækkun í F2.



Alvarlegur bruni varð í Vatnsholti 27. janúar þar sem ein manneskja var föst inni. Rýming gekk vel og björgun tókst innan við 12 mínútum frá útkalli. Sérhæfð inngrip voru framkvæmd á vettvangi og samstarf viðbragðsaðila gekk mjög vel. Mikið hrós á liðið fyrir faglega vinnu við krefjandi aðstæður.

Í desember 2025 var gerður skammtímasamningur við Sjúkratryggingar Íslands til mars 2026. Undirbúningur nýs samnings er hafinn og kostnaðargreining sýnir að sveitarfélögin á Suðurnesjum leggja til umtalsverða fjármuni við rekstur sjúkraflutninga á Suðurnesjum.

Unnið er að ársreikningi og ársskýrslum. Auglýst hefur verið laus staða í eldvarnareftirliti. Ný tækjakaup fela m.a. í sér krókheysisbifreið, 10.000 lítra tank og undirbúning gáms fyrir loftbanka. Afhending nýs stigabíls er áætluð í júní 2026. Unnið er að samstarfi um búnað vegna hættulegra efna.

### 3. Staða fjármála

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu fjármála og staða fjármála er góð.

### 4. Brunavarnaráætlun

Slökkviliðsstjóri kynnir fyrir stjórn Brunavarnaráætlun Brunavarna Suðurnesja fyrir árin 2026 – 2030. Áætlun hefur hlotið samþykki HMS en samþykkja þarf áætlunina í öllum aðildar sveitarfélögunum BS. Stjórn samþykkir brunavarnaráætlun 2026-2030.

### 5. Starfsmannamál

Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu starfsmannamála.

Slökkviliðsstjóri upplýsti að gengið hafi verið frá starfslokasamning við varastökkviliðsstjóra í byrjun mánaðar. Þar sem stjórnarfundur var ekki áætlaður fyrr en þann 19. febrúar, upplýsti slökkviliðsstjóri stjórn símleiðis um málið.

Stjórn samþykkir að hefja vinnu við endurskoðun á skipuriti BS.

### 6. Jafnlaunavottun

Viðhaldsvottun vegna jafnlaunavottunar var gerð í febrúar á þessu ári. Innri úttekt var gerð þann 22.01.2026. Markmið BS er að óútskýrður launamunur verði enginn árið 2025 og frávik ekki meiri en 3%. Niðurstaða innri úttektar var 1,3% körlum í hag. Fylgni milli starfaflokkunar og launagreiningar, skýringarhlutfall R2 skal ekki vera lægra en 95% en niðurstaða innri úttektar var 98%. Ytri úttekt var svo framkvæmd 12.02.2026 og var án athugasemda.

### 7. Önnur mál

Ekki lágu fyrir önnur málefni

